

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri 29. maí 2018

Efni. Úthlutun lóða í Naustahverfi, Hagahverfi áfangi 3.

Bergfesta ehf. fyrir hönd óstofnaðs dótturfélags sótti um lóðirnar Kristjánshaga 3 og Halldórshaga 3 og 4. Skipulagsráð úthlutaði félaginu Kristjánshags 3.

Með auglýsingu dags. 27. febrúar 2018 voru auglýstar lausar lóðir í Naustahverfi, Hagahverfi áfangi 3. Í auglýsingunni eru tilgreindar þær lóðir sem hægt var að sækja um úthlutun á. Þar kom einnig fram að umsóknareyðublöð, reglur um úthlutun lóða ofl. liggja frammi á skrifstofu skipulagssviðs og þjónustuandyri og á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Samkvæmt stöðluðu umsóknareyðublaði þá er gert ráð fyrir að upplýsingar komi fram um umsækjanda, hvaða lóðir er sótt um og að með þurfi að fylgja staðfesting viðskiptabanka um að umsækjandi geti fjármagnað byggingu á lóð sem sótt er um. Í umsókn umbjóðanda míns voru umbeðnar upplýsingar veittar.

Reglur um úthlutun lóða voru samþykktar í bæjarstjórn 23. janúar 2018. Í grein 2.2.2. segir um efni auglýsingar um lausar lóðir að í auglýsingu skuli koma fram „úthlutunaraðferð“. Ekkert kom fram um úthlutunaraðferðir sem fyrirhugað var að beita í auglýsingunni.


Í framangreindum reglum um úthlutun lóða er meginreglan sú að ef fleiri en einn sækja um sömu lóðina þá skuli draga úr umsóknum. Í 4. gr. reglnanna um úthlutun lóða eru síðan „sértækar úthlutunarreglur“. Þær lóðir sem voru auglýstar voru fyrir rað og fjölbýlishús. Við úthlutun lóðanna var ekki beitt útdrætti, svo að væntanlega hefur skipulagsráð litið til reglna greinar 4.2. í úthlutunarreglunum. Eins og rakið er að framan þá voru upplýsingar um bjóðendur ákaflega takmarkaðar þegar skipulagsráð tók ákvörðun um úthlutun lóðanna, svo að vandséð er hvernig hægt var að beita þeim matskenndu reglum sem þó virðist hafa verið beitt.

Umbjóðandi minn telur að þegar lóðirnar voru auglýstar þá hafi ekki verið farið að reglum um úthlutun lóða. Í auglýsingunni kom ekki fram hvaða úthlutunaraðferðum yrði beitt, sem hlýtur að vera grundvallar atriði, svo að umsækjendur gætu komið á framfæri viðbótarupplýsingum teldu þeir þörf á. Eins og áður segir er útdráttur meginreglan og gerði umbjóðandi minn ráð fyrir því að henni yrði beitt þar sem ekkert annað kom fram í auglýsingunni. Óskað er eftir að Akureyrarbær skýri hvers vegna ekki var farið að reglum við úthlutun lóða að þessu leyti.

Umbjóðandi minn hefur ekki upplýsingar um hvaða sjónarmið voru lögð til grundvallar við úthlutun lóðanna. Hafi það verið matskennd viðmið sem tilgreind eru í grein 4.2.2. í úthlutunarreglunum þá telur umbjóðandi minn að ekki hafi verið hægt að leggja mat á umsóknir á þessum grundvelli vegna þess að

engar upplýsingar lágu fyrir til að byggja á og skipulagsráð óskaði ekki eftir frekari upplýsingum frá bjóðendum áður en ákvörðun var tekin um úthlutun lóðanna. Umbjóðandi minn telur að rannsóknarreglu stjórnarsýslulaganna hafi ekki verið beitt og ekki gætt að jafnræði gagnvart umsækjendum. Óskað er eftir að upplýst verði og rökstutt sérstaklega hvaða upplýsingar skipulagsráð lagði til grundvallar við úthlutun lóða og rökstutt vegna hvers meginreglunni um útdrátt var ekki beitt.

Virðingarfyllst



Árni Pálsson hrl.

| |
|---------------------|
| AKUREYRARBÆR |
| Mótt.: 01.06.2016 |
| Málsnr.: 2018060030 |
| Lykill: 01-106-04 |